

Nd.

284. Frumvarp til laga

um raforkuveitusjóð.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist raforkuveitusjóður. Tilgangur sjóðsins er að veita hagkvæm lán til að gera orkuver og raforkuveitur í héruðum landsins.

2. gr.

Til raforkuveitusjóðs leggur rikissjóður a. m. k. 50 þús. kr. árlega á næstu 10 árum.

3. gr.

Raforkuveitur, sem reistar hafa verið og reistar verða og hafa vatnsafl til orkuframleiðslu, skulu greiða til raforkuveitusjóðs eftir þessum reglum:

- a. Fyrstu 3 árin eftir að stóð er reist er hún gjaldfrjál.
- b. Næstu 5 árin greiðist 2 kr. á ári fyrir hvert kílóvatt í málraun rafals í hverri vélasamstæðu.

c. Önnur 5 árin greiðist 4 kr. á ári á sama hátt, og úr því 6 kr. á ári.
Gjald þetta greiðist þó ekki af vélasamstæðum, sem hafa minna afl en 150 kw.

4. gr.

Búnaðarbanki Íslands hefir á hendi ákvarðanir um lán úr rafveitulánasjóði, að fengnum tillögum trúnaðarmanna ríkisstjórnarinnar um rafveitumál, og annast stjórn hans og rekstur fyrir þóknun, er ráðherra ákveður með samkomulagi við stjórn bankans. Þóknunin greiðist úr sjóðnum.

5. gr.

Lán úr raforkuveitusjóði mega nema allt að $\frac{1}{3}$ stofnkostnaðar orkuvers eða orkuveitu, og má lánstíminn vera allt að 30 ár. Lán mega vera afborgunarlaus fyrstu 5 ár lánstímans, og skulu vextir vera 3% — þrjú af hundraði — á ári.

6. gr.

Til tryggingar fyrir lánnum úr raforkuveitusjóði skal vera orkuverið og orkuveitan sjálf og aðrar þær tryggingar, sem ráðherra tekur gildar, svo sem ábyrgð sýslu-, bæjar- eða sveitarfélags.

7. gr.

Raforkuveitusjóður skal undanþeginn öllum sköttum og gjöldum til ríkis, bæjar- og sveitarfélaga.

8. gr.

Nánari ákvæði um starfrækslu sjóðsins og lánveitingar úr honum setur ráðherra í reglugerð.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.